

Formannskjör RSÍ

Á aukapingi RSÍ, sem fram fer 27. febrúar 2025, verður nýr formaður RSÍ kjörinn auk þess sem kosið verður um þau embætti sem kunna að losna vegna formannskjörsins.

Tvö eru í framboði til formanns. Fullgilt félagsfólk í RSÍ getur boðið sig fram til formanns á þinginu en til þess þarf fimm undirskriftir þingfulltrúa. Framboðsfrestur er til 13:10.

Kynning frá frambjóðendum er hér fyrir neðan, í stafrófsröð. Þeir fengu hvor um sig 100 orð.



Ágúst Hilmarsson

Kynning frá frambjóðanda

Mín helstu baráttumál eru réttindamál félagsmanna, varsla, útvíkkun og ávinningur nýrra réttinda. t.d. að vinna að því að rafvirkjameistarar fái sín teikniréttindi til baka. Auka samvinnu félaga, t.d. RSÍ og IFÍ. Gera RSÍ sýnilegra og enn meiri áherslu á að aðstoða félagsmenn og vinna þeim í hag.

Starfsferill

- Rafvirki, tæknimaður 1995-2006
- Orkuveita Reykjavíkur, Hellisheiði 2006-2011
- Norröna Storkjökken, Ósló 2011-2012
- Siemens Ósló, 2012-2016
- Etactika, Nýsköpunarfyrirtæki Ísland 2016-2018
- Marel Ísland, 2018-
- Háskólinn í Reykjavík, stundakennsla í raflagnahönnun 2022-

Menntun

Sveinsbréf í rafvirkjun, rafiðnfræðingur, rafvirkjameistari, rekstrariðnfræðingur, löggiltur hönnuður og leiðsögumaður.

Félagsstörf

- 2009-2010 Samninganefnd rafiðnaðarmanna OR
- 2008 - 2011 Formaður Iðnfræðingafélags Íslands
- 2016 - formaður Iðnfræðingafélags Íslands



Jakob Tryggvason

Kynning frá frambjóðanda

Jakob er formaður Félags tæknifólks og gjaldkeri RSÍ. Jakob hóf afskipti af RSÍ þegar hann starfaði sem hljóðmaður og síðar forstöðumaður hljóð- og tölvudeildar í Borgarleikhúsinu. Hann var kjörinn formaður Félags tæknifólks 2007 og gjaldkeri RSÍ 2015. Jakob starfaði um tíma hjá Rafiðnaðarskólanum og síðar Rafmennt sem sviðsstjóri tæknigreina. Árið 2011 tók Jakob sæti í stjórn Stafa lífeyrissjóðs og var einn af þeim sem stóð að sameiningu hans og Sameinaða lífeyrissjóðsins undir merkjum Birtu lífeyrissjóðs. Jakob situr í stjórn Birtu og Landssamtaka lífeyrissjóða í dag.

Jakob hefur leitt samningagerð RSÍ fyrir hönd tæknigreina undanfarin ár.